

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 95/2009

frá 25. september 2009

**um breytingu á VII. viðauka (Viðurkenning á starfsmenntun og hæfi) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2008 frá 5. desember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 279/2009 frá 6. apríl 2009 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB um viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB) í VII. viðauka við samninginn:

„– **32009 R 0279**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 279/2009 frá 6. apríl 2009 (Stjtið. ESB L 93, 7.4.2009, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 279/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 5, 29.1.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 93, 7.4.2009, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 25. september 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.